

Fundargerð
ÁRSFUNDAR
Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2019

Haldinn mánudaginn 27. maí 2019 kl. 16:30

í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Benedikt Þór Valsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 18, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir. Gögn fundarins voru birt rafrænt á heimasíðu sjóðsins.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Benedikt Þór Valsson flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Ávöxtun ársins 2018 var undir væntingum hjá Brú lífeyrissjóði. Raunávöxtun ársins í A og V deild var 3% og meðaltal raunávöxtunar fyrir síðustu 5 ár er 4,5%. Meðtalið fyrir tíu ár er 3,7% sem er aðeins yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu. Raunávöxtun B deildar var 1,4% en 5 ára meðaltal raunávöxtunar er 3,9% en B deildin var stofnuð um mitt árið 2013.

Segja má að árið 2018 hafi verið ár verðtryggðra skuldabréfa en framlag þeirra í ávöxtun ársins vegur þungt. Erlend hlutabréf skiluðu ekki mikilli ávöxtun en á síðasta ársfjórðungi lækkuðu erlendir verðbréfamarkaðir mikið en á móti kom veiking krónunnar en hún veiktist á árinu um 11,4% gagnvart Bandaríkjadollar og 6,5% gagnvart Evru.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í árslok 216,4 ma.kr. og hækkaði um 25,8 ma.kr. á milli ára.

Á árinu 2018 greiddu 17.692 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði og námu iðgjöld ársins 14,5 ma.kr. Heildargreiðslur lífeyris námu 5,7 ma.kr. og að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlegan lífeyri til 7.136 sjóðfélaga. Fjárfestingatekjur námu 12,9 ma.kr. og rekstrarkostnaður var 512 m.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga lagði til nýjan reiknigrundvöll fyrir mat á lífeyrisskuld-bindingum. Félagið vann í samvinnu við Landssamtök lífeyrissjóða að athugun sem byggð var á gögnum frá öllum íslenskum lífeyrissjóðum. Fyrri reiknigrundvöllur er frá árinu 2002 og var hann með ákveðna annmarka þar sem hann er byggður á gögnum frá aðeins hluta lífeyrissjóða landsins. Lífslíkur eru því nú í fyrsta sinn metnar eftir reynslu þeirra sem réttindi eiga í lífeyrissjóðum en fram til þessa hefur verið miðað við lífslíkur allra Íslendinga óháð því hvort þeir eigi réttindi í lífeyrissjóðum eða ekki. Þá eru lífslíkur öryrkja og annarra sjóðfélaga mismunandi og er nú tekið tillit til þess í

Útreikningum á tryggingafræðilegri stöðu. Þessar nýju forsendur sýna skuldbindingar sjóðsins af meiri nákvæmni en áður. Útreikningurinn er bæði aðlagður að sjóðfélagahópi hvers lífeyrissjóðs og að reynslu sjóðsins í nýgengi örorku. Nýi reiknigrundvöllurinn veldur töluverðri breytingu á mati skuldbindingar til hins verra og vegur þar breyting á lífslíkum mest en breyting á örorkulíkum minna.

Þessi breyting á reiknigrundvöllinum hækkar einnig framlag ársins úr lífeyrisaukasjóðnum í A deild sjóðsins og tryggingafræðileg staða hans versnar umtalsvert. Í upphafi þegar lífeyrisaukasjóðurinn var reiknaður var hvorki gert ráð fyrir breytingum á töflum um lífslíkur eða örorku né launahækkunum í framtíðinni. Bæði tryggingastærðfræðingur og stjórnendur sjóðsins bentu á þessa vankanta í reikniverki lífeyrisaukasjóðsins í aðdraganda lagabreytinganna. Nánar verður greint frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

Það er afar ánægjulegt að á árinu 2018 sameinaðist Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar við B deild Brúar lífeyrissjóðs. Megin forsenda sameiningarinnar er að réttindi og ávinnsla sjóðfélaga haldast óbreytt og skuldbindingar réttindasafnsins er aðgreint frá öðrum réttindasöfnum.

Frá 1. janúar 2018 hafa almannatryggingar haft heimild til að greiða hálfan lífeyri með þeim skilyrðum að einstaklingar leggi fram staðfestingu þess efnis að greiðslur á hálfum lífeyri hefjist hjá öllum skyldubundnum lífeyrissjóðum þar sem viðkomandi hefur áunnið sér réttindi. Þessi lagabreyting kom flatt upp á lífeyrissjóðina þar sem ekkert samráð var haft við þá að hálfu hins opinbera. Sjóðurinn brást engu að síður við og hefur samþykktum sjóðsins verið breytt þannig að sjóðfélagar í A og V deild geta nú hafið töku hálf lífeyris. Sjóðfélagar B deildar geta hins vegar ekki hafið töku hálf lífeyris þar sem slíkar breytingar á samþykktum sjóðsins hafa áhrif á skuldbindingar réttindasafnanna og þar með bakábyrgð sveitarfélaganna.

Í ljósi nýrra laga um persónuvernd samþykkti stjórn sjóðsins persónuverndarstefnu en hjá sjóðnum er lögðu áhersla á örugga meðhöndlun persónuupplýsinga og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda þær.

Sjóðurinn fetar nú sín fyrstu spor við innleiðingu á eigendastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við ákvörðun um fjárfestingakosti verður horft til umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarháttanna í ríkari mæli en áður.

Umsvif lánadeildar hafa aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánnum. Svo virðist sem að sjóðfélagar kjósi að taka lán hjá sínum lífeyrissjóði en einnig má nefna að þjónusta sjóðsins er til fyrirmyndar.

Í daglegum rekstri sjóðsins er lögð áhersla á umhverfismál. Til að auðvelda endurvinnslu er sorp flokkað og mikill árangur hefur náðst á undanförunum árum að draga úr notkun á pappír með rafrænum umsóknum og skjölun gagna.

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á góðan starfsanda, hvetjandi vinnuumhverfi og góða starfsaðstöðu. Vinnu við þróun jafnlaunakerfis sem liggur til grundvallar jafnlaunavottunar er að mestu lokið, einungis er beðið eftir að vottunaraðili ljúki sinni vinnu. Innleiðing jafnlaunakerfis er liður í að tryggja gæði í starfsemi sjóðsins.

Sem fyrr hefur mikið áunnist á árinu sem lýtur bæði að þjónustu sjóðsins og innri starfsemi hans en hjá Brú lífeyrissjóði starfar öflugt starfsfólk með mikinn drifkraft og framsýni. Ég fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki sjóðsins fyrir afar gott samstarf og vel unnin störf.

Stjórnin hélt 18 fundi á starfsárinu en í lok desember tók við ný stjórn og skipunartími hennar er 4 ár. Stjórnin er skipuð sex stjórnarmönnum en ný í stjórn eru þau Auður Kjartansdóttir, Halldóra Káradóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Þorkell Heiðarsson en áfram sitja Garðar Hilmarsson og Benedikt Þór Valsson. Vil ég þakka sértaklega fráfarandi stjórnarmönnum fyrir heillarikt og ánægjulegt samstarf á síðustu fjórum árum og ég hlakka til að starfa með nýrri stjórn.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin átta sinnum á árinu. Í endurskoðunarnefnd sitja Karl Björnsson sem er formaður, Birgir Björn Sigurjónsson og Garðar Hilmarsson. Elín Björg Jónsdóttir og Stefán Aðalsteinsson hættu sem nefndarmenn á árinu 2018 og er þeim sem og öðrum nefndarmönnum þökkúð vel unnið störf

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn til að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 10 maí, á heimasíðu sjóðsins og í fréttabréfi sem sjóðfélögum var sent. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.

2. Yfirferð ársreiknings

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2018 og greindi jafnframt frá því að ný ársskýrsla sjóðsins væri birt á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 21,3 ma.kr. á árinu 2018 sem samsvarar 6,2% nafnávöxtun og 2,9% raunávöxtun. Raunávöxtun A og V deildar var 3,0% en B deildar 1,4%. Árið 2017 er ekki alveg samanburðarhæft því það litaðist mjög af greiðslum í jafnvægis- og lífeyrisaukasjóði A deildar. Ávöxtun var lakari í ár en í fyrra og er innan við 3,5% mörkin sem notuð er við tryggingafræðilega útreikninga. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 ár er 4,5% og 3,7% síðustu 10 ár.

Virkir sjóðfélagar voru 17.692 að meðaltali á árinu 2018 og fjölgaði þeim um 830 í A deild en um 144 í V deild. Í B deild fjölgaði þeim um 53 vegna sameiningar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar við B deild sjóðsins. Lífeyrisþegum fjölgaði í öllum deildum, í A deild um 427, í V deild um 77 og í B deild um 427. Í árslok 2018 voru lífeyrisþegar hjá Brú lífeyrissjóði samtals 7.512 samanborið við 6.581 í árslok 2017.

Við yfirferð á iðgjöldum og lífeyri kom fram að iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2018 voru 12,8 ma.kr. og hækkuðu um 1,3 ma.kr. milli ára eða 11,1%. Sérstök aukaframlög á árinu voru 1,7 ma.kr. samanborið við 38,8 ma.kr. 2017 en framlag í jafnvægisjóð og lífeyrisaukasjóð vegna breytinga á A deild á árinu 2017 nam 36,2 ma.kr. Lífeyrisgreiðslur á árinu 2018 voru 5,6 ma.kr. og hækkuðu um 1,2 ma.kr. frá fyrra ári eða um 26%. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 72,5% af greiddum lífeyri á árinu, örorkulífeyrir 18,2% og makalífeyri 8,1%.

Fjárfestingatekjur voru tæpir 13 ma.kr. á árinu 2018 og þar af voru tekjur af verðtryggðum skuldabréfum og sjóðfélagalánum 9,8 ma.kr. Fjárfestingatekjur hækkuðu um 247 m.kr. á milli ára. Þetta er annað árið í röð sem verðtryggðu skuldabréfin skila góðri ávöxtun en aftur á móti var tap á eignahlutum í innlendum félögum þriðja árið í röð. Erlendu hlutabréfin lækkuðu einnig um 10% en í krónum talið er hækkunin 0,5% vegna veikingar krónunnar. Fjárfestingagjöld voru 59,7 m.kr. og lækkuðu um 20 m.kr. á milli ára, en öll innlend stýring er nú innan sjóðsins sem leitt hefur til minni hreyfinga á safninu. Óbeinar fjárfestingaþóknar eru áætlaðar um 482,6 m.kr. og hækka um 97,2 m.kr. á milli ára, einkum vegna hærri eignastöðu.

Rekstrarkostnaður ársins var um 511,8 m.kr. og hækkaði um 86,1 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst hækkun á launakostnaði vegna fjölgunar stöðugilda en mikil aukning varð í lánveitingum til sjóðfélaga, kostnaði vegna samruna Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar við B deild og kostnaði vegna upplýsingatækni sem hækkaði um 38 m.kr. frá fyrra ári, en vegna breytinga á A deild þurfti að skipta um kerfi og þá hefur ákveðin þróun verið á kerfum, m.a. tengt sjóðfélagalánunum. Kostnaður vegna sérfræðinga lækkaði um 6,9 m.kr. frá fyrra ári sem má rekja til bættra ferla og skipulags hjá sjóðnum.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins í lok árs 2018 var 216,4 ma.kr. og hækkar um 25,8 ma.kr. milli ára. Hluti af þeirri hækkun er vegna sameiningar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LsK) við sjóðinn í ársbyrjun 2018 en hrein eign LsK við sameiningu var 4,6 ma.kr. Fjárfestingaeign sjóðsins nam alls 212,6 ma.kr. í lok árs 2018 og hækkaði um 55,5 ma.kr. á árinu. Hlutabréfaeign sjóðsins hækkar um 5,2 ma.kr. frá fyrra ári og skuldabréf um 33,8 ma.kr. Þá hækkuðu sjóðfélagalán verulega á árinu eða um 10,8 ma.kr. en fjöldi nýrra lána var 595 samanborið við 267 á árinu 2017.

Kröfur í árslok 2018 eru 1,4 ma.kr. samanborið við 22,9 ma.kr. í árslok 2017 og lækka um 21,4 ma.kr. milli ára sem skýrist af ógreiddu framlagi í jafnvægis- og lífeyrisaukasjóð í árslok 2017. Í árslok 2018 er stærsti hluti krafna, iðgjaldakröfur. Aðrar skuldir eru að stærstum hluta vegna ógreiddrar staðgreiðslu af lífeyrisgreiðslum í árslok 2018.

Eins og fram hefur komið var ávöxtun ársins lakari í ár en í fyrra og innan við 3,5% mörkin sem notuð er við tryggingafræðilega útreikninga. Meðalraunávöxtun sjóðsins á árinu 2018 var 2,9%, síðustu 5 ár 4,5% og 3,7% síðustu 10 ár. Raunávöxtun A og V deildar á árinu 2018 var 3,0% en aðeins lakari í B deild eða 1,4%. Við yfirferð á fjárfestingaeign kom fram að samsetning eigna A og V deildar er sú sama, þar sem eignum deildanna er stýrt sameiginlega. Samsetning eigna er önnur í B deild á þann veg að vægi eignarhluta í félögum er minna og vægi skuldabréfa meira. Mesta aukningin var í skuldabréfum í krónum talið en í útlánum til sjóðfélaga hlutfallslega en hlutfall útlána af heildareignum hækkaði í 12 % úr 9% á árinu 2017. Ekki voru miklar breytingar á eignasamsetningu sjóðsins á milli ára.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.

Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi sjóðsins að kynna skýrslu sína um tryggingafræðilega athugun.

3. Skýrsla um tryggingafræðilega athugun kynnt

Bjarni Guðmundsson kynnti skýrslu sína um tryggingafræðilega athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2018. Fór hann yfir megentilgang og aðferðafræði en árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem háðar eru óvissu en mikilvægustu forsendurnar eru um vexti og lífslíkur. Hingað til hafa verið notaðar staðalforsendur byggðar á tölum frá Hagstofu Íslands.

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll við mat á eftirlauna- og örorkuskuldbindingum. Athugun á reynslu sjóðanna var unnin í samvinnu við Landssamtök lífeyrissjóða á grundvelli gagna frá öllum íslenskum lífeyrissjóðum.

Lífslíkur er því nú í fyrsta sinn metnar eftir reynslu þeirra sem réttindi eiga í lífeyrissjóðum en fram til þessa hefur verið miðað við lífslíkur allra Íslendinga óháð því hvort þeir eiga réttindi í lífeyrissjóðum eða ekki. Þá er lífslíkur öryrkja og annarra sjóðfélaga mismundandi og er nú tekið tilliti til þess í útreikningum á tryggingafræðilegri stöðu. Þessar nýju forsendur sýna skuldbindingar sjóðsins af meiri nákvæmni en áður. Útreikningurinn er bæði aðlagður að sjóðfélagahópi hvers lífeyrissjóðs og að reynslu sjóðsins í nýgengi örorku. Aðlögun nýgengis örorku í A og V deild er 57% af meðaltali hjá körlum en 75% af meðaltali hjá konum. Í B deild er meðaltalið hjá körlum 100% en 66,7% af meðaltali hjá konum. Fyrir Brú leiddi nýtt mat í ljós hærri örorkutíðni í A og V deild en áður hafði verið, sem hækkaði mat á örorkuskuldbindingum um 2%. En í B deild er nýgengi örorku lægra en í eldri forsendum sem lækkaði mat á örorkuskuldbindingum óverulega. Þá náði ávöxtun ársins ekki 3,5% viðmiði.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2018 sýnir að áfallin skuldbinding A deildar í árslok 2018 var 141,4 ma.kr. og hækkaði um 19,8 ma.kr á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2018 var 162,1 ma.kr. og hækkaði um 14,3 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 20,7 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 15,1 ma.kr. eða um 4,9% af heildarskuldbindingunni. Nýr reiknigrundvöllur veldur töluverðri breytingu á mati skuldbindingar til hins verra en skv. eldri reiknigrundvelli væri staðan í A deild -1,4% af heildarskuldbindingunni.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar V deildar í árslok 2018 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2018 var 28,6 ma.kr. og hækkaði um 4,5 ma.kr á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2018 var 28,9 ma.kr. og hækkaði um 3,9 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 337,1 m.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 860,3 m.kr. eða um 1,2% af heildarskuldbindingunni. Nýr reiknigrundvöllur veldur töluverðri breytingu á mati skuldbindingar til hins verra en skv. eldri reiknigrundvelli væri staðan í V deild jákvæð sem nemur 2,6% af heildarskuldbindingunni.

Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 21,7% í árslok 2018. Heildareignir voru 45,3 ma.kr. og heildarskuldbindingar 57,9 ma.kr. og nemur því hallinn 12,5 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 32,7 ma.kr. Við mat á rekstrarkostnaði í B deild var notuð fráviksaðferð þar sem líftími sjóðsins er styttri en líftími sjóða sem opnir eru fyrir nýjum sjóðfélögum. Mat á kostnaði til framtíðar er miðað við hlutfall af skuldbindingum sjóðsins í lok árs 2018 en ekki þriggja ára meðaltali. Ný nálgun felur í sér lækkun á rekstrarkostnaði. Skuldbinding B deildar er með bakábyrgð viðkomandi sveitarfélaga. Nýr reiknigrundvöllur veldur breytingu á mati skuldbindinga til hins verra en skv. eldri reiknigrundvelli væri staðan í B deild - 20,8% af heildarskuldbindingunni.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.

4. Fjárfestingarstefna kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2019.

Fram kom að markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Markmiðið er varkár fjárfestingastefna. Eignasamsetning sjóðsins skal vera í samræmi við lög og stefnur, sbr. heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Tvær nýjar stefnur voru settar á árinu 2018, annars vegar stefna um siðferðileg viðmið í fjárfestingum og hins vegar hluthafastefna, og er það liður í því að vera ábyrgur hluthafi. Þar eru sett viðmið um ákjósanlega þætti í stjórnun sjóðsins. Við ákvörðun um samsetningu fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til stefnu eignaflokka, núverandi ávöxtunar, mögulegrar ávöxtunar á komandi ári, væntanlegrar útgáfu og skráningar og annarra þátta sem talið er að kunnir að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi.

Í ljósi markaðsaðstæðna er horft til þess í fjárfestingastefnu sjóðsins 2019 fyrir A og V deild að auka enn frekar við eignir í erlendum hlutabréfum úr 12% í 16% en draga lítilega úr fjárfestingu í erlendum fagfjárfestingsjóðum úr 6% í 5%. Í ljósi þeirrar aukningar sem verið hefur í útgefnum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum til sjóðfélaga var ákveðið að hlutfall þess eignaflokks sem nær m.a. yfir sjóðfélagalán hækki enn frekar og fari úr 10% í 12%.

Vægi skuldabréfa og innlána í A og V deild eykst því úr 69% í 72% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestingsjóða minnkar og fer úr 31% í 28%.

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Í fjárfestingarstefnu deildarinnar er nú tekið tillit til eigna Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar en sá sjóður sameinaðist B deild Brúar lífeyrissjóðs miðað við 1. janúar 2018.

Ákveðið var að draga aðeins úr skuldabréfum og innlánnum hjá B deild úr 76% í 75% en auka við stöðu hlutabréfa og fagfjárfestingarsjóða úr 24% í 25%. Í ljósi markaðsaðstæðna er horft til þess að auka

við eignir í erlendum hlutabréfum úr 12% í 16% en draga úr fjárfestingu í innlendum hlutabréfum úr 12% í 9%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.

Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.

5. Breytingar á samþykktum

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, greindi frá breytingum á samþykktum sjóðsins sem tóku gildi þann 24. ágúst 2018.

Tilfni breytinganna voru aðallega breytingar á almannatryggingalöggjöfinni og vörðuðu framkvæmd á útgreiðslu hálfis lífeyris fyrir A og V deild sem og breytingar á ákvæðum samþykktum um lífeyrisauka A deildar og ákvæði um sjóðfélaga sem öðlast hafa jafna ávinnslu hjá bæði A deild Brúar lífeyrissjóðs og A deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá var bætt í samþykktirnar viðauka vegna sameiningu Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar við B deild Brúar lífeyrissjóðs og bætt við viðeigandi ákvæði í samræmi við það. Gerðar voru breytingar á réttindaákvæðum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar í B deild Brúar lífeyrissjóðs og ákvæði 35.6 í samþykktum Brúar lífeyrissjóðs að beiðni sveitarfélagsins. Þá var skýringarákvæðum bætt við um áunnin réttindi í V deild fyrir breytingar 1. júní 2017 og ákvæði um framreikning makalífeyris betrumbætt, viðmiðun „stopulla ára“ í A deild breytt úr mánaðarlegum lífeyrisrétti í árslaun og viðbót gerð við ákvæði um breytingar á samþykktum sjóðsins út frá tillögum stjórnar. Eins og áður segir tóku breytingarnar gildi þann 24. ágúst 2018.

Ekki liggja fyrir tillögur að breytingum á samþykktum á árinu 2019.

6. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 17:30.

Póra Jónsdóttir, fundarstjóri

Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari